

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1997

7. mars 1997

361

Nr. 182

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Ljósavatnshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 3.000 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

		kr.
Flokkur	a)	30.000
"	b)	60.000
"	c)	70.000
"	d)	80.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. mars 1997

Nr. 183

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyrbakkahreppi árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrbakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1997.

Gutenberg

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð, sumarbústað eða fyrirtæki í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim fyrirtækjum, sem sjálf annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald, sem miðast við ætlaðan fjölda sorp-íláta að mati hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1997 er sem hér greinir:

	Íbúðir/fyrirtæki	Sumarbústaðir
Sorphreinsigjald	4.500 kr. á ílát	1.350 kr. á ílát
Sorpeyðingargjald.....	2.500 kr. á ílát	750 kr. á ílát
Samtals sorphirðugjald.....	7.000 kr. á ílát	2.100 kr. á ílát

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda árið 1997.

Umhverfisráðuneytinu, 6. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hreinsunar fráveituvatns í Reykjanesbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er heimilt að leggja á og innheimta gjald vegna hreinsunar fráveituvatns af hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Reykjanesbæ, sem virt er fasteignamati.

2. gr.

Af eignum húsa eða húshluta, sem virt er fasteignamati, skal árlega innheimta gjald vegna hreinsunar fráveituvatns og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjald-
daga þess. Gjaldið rennur í sjóð til að standa straum af kostnaði við hönnun og byggingu útrása og dælu- og hreinsistöðva í Reykjanesbæ. Hreinsun fráveituvatns er í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjaldið skal vera kr. 6.000 á ári.